

Sp.

## 57. Tillaga til þingsályktunar

[56. mál]

um leit að bræðslufiski.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigðurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Magnús H. Gíslason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta efla skipulega leit og rannsóknir ásamt veiðarfæra- og veiðitilraunum í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölpættari.

Athugunum þessum verði einkum beint að loðnu, kolmunna, spærlingi og sand-sili.

### Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiðlega hefur gengið að afla sildarverksmiðjunum hráefnis og láta rekstur þeirra bera sig.

Síldin hefu reynzt okkur Íslendingum eins og fleirum harla duttlungafull. Fyrrum var mokafli árum saman úti fyrir Norðurlandi. Seinna bauð hún Sunnlendingum blíðu sína. Og Austurland hefur sannarlega ekki farið varhluta af atlotum sildargangna. Hvarvetna hafa menn tekið opnum örmum á móti ævintýrinu. Verksmiðjur hafa verið reistar, fyrst vestra og nyrðra, þá syðra og loks í síðustu og stærstu hrotunni við nálega hverja höfn á Austfjörðum.

Við þessar tilfærslur síldveiðanna á milli landshluta hefur orðið vandræða-ástand í rekstri sildarverksmiðjanna. Viðleitni til hjargar hefur verið þriþætt. Vélar hafa verið fluttar frá eldri verksmiðjum landshluta í milli og settar upp á nýjum stöðum. Eftir hefur staðið mikill hluti mannvirkjanna ónýtanlegur, og atvinnulíf viðkomandi staða hefur lamast. Reynd var útgerð verksmiðjuskips, Hærings. En sú tilraun fór út um þúfur. Loks voru fengin stór skip til flutninga af fjarlægum miðum. Við það björguðust töluverð aflaverðmæti og nokkrar stærstu verksmiðjurnar fengu hráefni þar til síðustu 2—3 árin, að veiði síldar í bræðslu hefur nær engin orðið. Margar verksmiðjur höfðu hins vegar engin not af flutningum þessum, og þeir urðu yfirleitt mjög dýrir. Vafalaust verður þeim þó haldið áfram í einhverri mynd, þegar síld veiðist á fjarlægum miðum, en þó innan þeirra endimarkna, að flutningar þyki framkvæmanlegir.

En hafið er auðugt. Fiskimiðin umhverfis Ísland bjóða upp á ýmsa möguleika. Og því fer fjarri, að þeir hafi allir verið kannaðir til nokkurrar hlítar.

Í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, 3. hefti 1969, birtist grein eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing og nefnist **Bræðslufiskur**. Í inngangsorðum viku Jakob að hráefna-skorti sildarverksmiðjanna, en ræðir síðan möguleika á aukinni hráefnisöflun.

Fiskifræðingurinn telur líklegt, að unnt sé að stunda loðnuveiði miklu lengur á ári en nú er gert og þá einnig á öðrum veiðisvæðum og á þeim árstímum, þegar loðnan er feitust og gefur mestar afurðir.

Dá er rætt um þrjár aðrar fisktegundir, spærling, sandsili og kolmunna, og komist að þeirri niðurstöðu, að þær megi allar nýta sem bræðslufisk, ef að líkum láti. Væri hér um fjölbætta möguleika að ræða, þar sem spærlingur og kolmunni mundu væntanlega veiðast hvor á sínu hafsvæði og á mismunandi árstímum, en sandsilið sennilega veiðanlegt á grunnsævi víðsvegar um landið.

Í niðurlagi greinar sinnar kemst Jakob Jakobsson svo að orði, að „til þess að vel takist til um slíka nýbreytni, þarf samstillt átak í rannsóknum, fiskileit og veiðarfæratilraunum.“ Ætti að mega vænta þess, að allir þeir, er hugleiða þessi mál, komist að sömu niðurstöðu. Hér eru svo fjölmörg atriði ókönnuð, að nauðsyn slíkra aðgerða er óumdeilanleg.

Í erindi, sem Þórður Þorbjarnarson, Ph. D., forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, flutti á ráðstefnu um vinnslu sjávarafurða 1967 og síðar var sérprentað, er og fjallað um hugsanlega vinnslu allra þessara fisktegunda. Af því má sjá, að það eru fleiri en fiskifræðingar, sem komið hafa auga á gildi þess að auka fjölbreytni í veiðum bræðslufisks. En samræmdar meiri háttar könnunaraðgerðir á vegum hins opinbera hafa ekki átt sér stað enn.

Þjóðhagslegt gildi þess, ef takast mætti að nýta í miklum mæli nú ónotaða afkastagetu síldarverksmiðjanna og veita þar með fjölda manna arðbæra atvinnu og auka útflutningsframleiðsluna, ætti að vera augljóst hverjum manni.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja því einsýnt, að hefjast beri handa um þær aðgerðir, sem í tillögunni greinir, og þá að sjálfsögðu á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem nú annast fiskileit Íslendinga. Flutningsmenn leggja áherzlu á, að vart er hugsanlegt, að einstakir útgerðarmenn eða félög ráðist í áður óþekktar veiðar, þar sem allar líkur eru á að veiðarnar yrðu ekki arðvænlegar fyrr en að fenginni talsverðri reynslu og eftir að lagt hefði verið í verulegan kostnað. Að svo miklu leyti sem aðstaða er ekki fyrir hendi á skipum Hafrannsóknastofnunarinnar, þyrfti af þessum ástæðum að gera út fiskiskip með stuðningi hins opinbera til þess að kanna, hvaða veiðiaðferðir hentugu bezt og hver grundvöllur væri fyrir veiðum á þeim fisktegundum, sem tillagan fjallar um, öðrum en loðnunni. Að fengnum jákvæðum niðurstöðum væri svo unnt að hefja almennar veiðar og fyrr ekki.

Flutningsmennirnir leggja sérstaka áherzlu á það, að aðgerðir þær, sem þingsályktunartillagan fjallar um, verði eigi framkvæmdar á kostnað annarrar fiskileitar. Þorsk- og síldarrannsóknnum ber t. d. að þeirra dómi að sinna af fullum krafti og efla rannsóknir og leita að öðrum stofnum, svo sem rækju, humar og skelfiski, svo að dæmi séu nefnd. Mun það mála sannast, sem sagt hefur verið, að langarðbærasta fjárfestingin, sem hugsanleg er til aukinna fiskveiða, sé vel skipulögð fiskileit ásamt tilheyrandi rannsóknum og veiðarfæratilraunum. Því haggja ekki sveiflur þær, er ætíð verða á aflamagni milli ára eða einstakra vertíða.